



Stjórnarfundur 12 miðvikudaginn 6. febrúar 2019 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Stefán Jóhannesson, Steinn Einarsson, og Svandís Þorsteinsdóttir í síma.

Afboð og mættu ekki; Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Andri Hnikarr Jónsson, Kristín Hálfánardóttir

Dagskrá

- Fjármál
- Bikarkeppni
- Ársþing BLÍ
- Önnur mál

Fundargerð

Fjármál

Lausafjárstaða sambandsins er slæm um þessar mundir. Þátttakan í undankeppni Evrópumótsins hefur reynst sambandinu mjög kostnaðarsöm. BLÍ hefur tapað um 8 milljónum á þessu verkefni. Það er allt önnur niðurstaða en lagt var upp með í byrjun. Það að ekki var leyfilegt að selja heimaleikina setti stórt strik í reikninginn. Það er kunnara en frá þarf að segja hversu dýrt það er að fá erlend lið hingað til keppni.

Næsta stóra verkefni landsliðanna er keppni á Smáþjóðaleikunum. Kostnaðurinn við hvern þátttakenda er kr. 145.000 þannig að reikningurinn frá ÍSÍ verður líklega um kr. 6.000.000. Þreifingar hafa farið fram við Sparisjóð Suður Þingeyinga um það að BLÍ færi viðskipti sín þangað í von um betri fyrirgreiðslu. Það hefur farið lítið fyrir henni frá Arionbanka og fyrirrennrum hans. Rætt var um að fá aukna yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka sambandsins til þess að bæta úr brýnustu fjárförfinni.

Bikarkeppnin.

Rætt var um fyrirkomulag helgarinnar svo sem starfsfólk, veitingasölu, sölu auglýsinga og umgjörð þeirra.

Ársþing

Breyting á reglugerðum var rædd. Einkum var það breyting á reglunni um 7 hrinuhæstu leikmenn sem virðist vera viðvarandi vandamál. Sigurbirni Árna og Hnikarri var falið að vinna að breytingunum sem verða lagðar fyrir næsta ársþing.

Stjórnarmenn voru spurðir um áhuga þeirra til áframhaldandi stjórnarsetu. Svar þeirra veltur að einhverju leyti af því hver býður sig til formanns.

Önnur mál

Spurt var um fyrirkomulag Evrópukeppninnar og fleira henni tengt. Þar kom fram að BLÍ lagði mikið undir í þessu stærsta verkefni sambandsins hingað til. Það olli vonbrigðum að það gáfu ekki allir leikmenn kost á sér í verkefnið og að auki var líkamlegt ástand sumra leikmannanna það slakt að þeir þoldu ekki að æfa tvisvar á dag.

Tæknifundur NEVZA verður haldinn í Osló 5.- 7. apríl. Formaður og framkvæmdastjóri hafa vanalega sótt fund sem þennan.

Kvennalið frá bandarískum háskóla mun koma til landsins 24. mars og leika nokkra leiki við íslensk félagslið á meðan á heimsókninni stendur.

Rætt var um að ganga frá reglugerð um ferðasjóð ungra blakara sem stofnaður var á síðasta öldungamóti á Akureyri.

Fleira ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 17.59.

Fundargerð ritaði Jason Ívarsson